

Fjallabyggð



Frístundastyrkir Fjallabyggðar - Reglur og skilyrði

1. Markmið og tilgangur frístundastyrkja

- Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og unglingar í Fjallabyggð geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Með frístundastyrknum má greiða að hluta fyrir íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi, á vegum félaga, samtaka og stofnana í Fjallabyggð.
- Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi.
- Með frístundastyrknum skapast einnig möguleikar til nýrrar starfsemi og sérstakra verkefna sem beinast að ófélagsbundinni æsku.

2. Skilyrði fyrir veitingu frístundastyrkja

- Að iðkandi/styrkþegi eigi lögheimili eða stundi nám í Grunnskóla Fjallabyggðar.
- Að félagið/stofnunin sem nýtur greiðslunnar hafi lögheimili í Fjallabyggð og hafi gert samning um endurgreiðslu frístundastyrkja við Fjallabyggð.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 6 – 18 ára miðað við fæðingarár.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða.
- Að ekki verði óeðlilegar hækkningar á kostnaði við iðkun og æfingagjöldum.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.

3. Reglur um notkun frístundastyrkja

- Styrkurinn veitir foreldrum og forráðamönnum rétt til að ráðstafa ákveðinni upphæð á ári fyrir hvert barn. Skal sú upphæð ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Fyrir árið 2016-2017 er upphæðin kr. 7.500.
- Sendar eru út þrjár ávísarnir hver að upphæð kr. 2.500.- Ávísunina er ekki heimilt að færa milli ára og falla þær úr gildi í lok hvers árs.
- Með ávísuninni má greiða fyrir skipulagt frístundastarf í Fjallabyggð hjá félagi/stofnun sem gert hefur samning við Fjallabyggð um notkun frístundastyrkja. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla, og fl.
- Með ávísuninni má greiða kort í líkamsrækt og sund í íþróttamiðstöð Fjallabyggðar.
- Með ávísuninni má greiða tónskólagjöld í Tónskóla Fjallabyggðar.
- Með ávísuninni má greiða skíðapassa á skíðasvæðin í Fjallabyggð.
- Með ávísuninni má greiða fyrir þátttöku í sérstökum samstarfsverkefnum eða námskeiðum sem hafa það að markmiði að ná til ófélagsbundinna barna og unglinga og virkja þau í skipulögðu félagsstarfi.

- Með ávísuninni má greiða fyrir sérstakan viðbótarkostnað svo sem tæki og búnað, fatnað, ferðakostnað o.þ.h. svo framarlega sem slíkur kostnaður er innheimtur af félögum/stofnunum sem hafa gert samning við Fjallabyggð um notkun frístundastyrkja
- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður uppfylli barn ekki lengur skilyrði samkvæmt lið 2.

4. Framkvæmd skráningar og uppgjors frístundastyrkja

Hvert félag skal gera samning við Fjallabyggð ætli það að geta fengið endurgreidda ávísunina. Þar kemur fram nafn félags/stofnunar og um hvaða frístundastarf er að ræða. Styrkuppgjör milli Fjallabyggðar og félags er gert 15. hvers mánaðar. Skilafrestur fyrir greiðslu er 10. hvers mánaðar.

5. Sérstakar aðstæður

Íþrótt- og tómstundafulltrúa er heimilt að bregðast við sérstökum aðstæðum hverju sinni og veita einstaklingum frístundastyrkinn, sem ekki falla beint undir reglurnar, að höfðu samráði við formann frístundanefndar. Skal þá taka slíkt upp við næstu endurskoðun á reglunum til að bregðast við slíkum aðstæðum ef þær skyldu koma upp aftur.

6. Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir

Næsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2014.

Töku gildi 1. maí 2011.

Breytingar staðfestar á 95. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar 12. desember 2013.